



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 114. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 20. janúar 2014 kl. 14:00, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Bjarni Pálsson formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Hildigunnur Thorsteinsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Aðalfundur og vorfundur 2014

Ákveðið að halda aðal- og vorfund í Orkugarði miðvikudaginn 30. apríl. Rætt um dagskrá vorfundar og stefnt á umfjöllun um ferilefnaprófanir. Áfram unnið í dagskrá til næsta fundar.

3. Breytingar á félagsaðild

Tveir nýir félagsmenn samþykktir í félagið:

- Aðalsteinn Möller, Verkís
- Einar Jón Ásbjörnsson, ÍSOR / Háskólanum í Reykjavík

Þá kom fram að Magma Energy Iceland sagði sig úr félaginu í desember 2013, vegna breytinga hjá því félagi.

4. Önnur mál

a. *Innheimta félagsgjalda* hófst meðal fyrirtækja og stofnana fyrir áramót og gengur ágætlega. Innheimta meðal einstaklinga hefst innan tíðar. Gjaldkeri tekur saman lista yfir félagsmenn sem ekki hafa greitt síðustu þrjú ár og stjórn metur hvort tilefni sé til að hafa samband við viðkomandi, eða hvort taka eigi öll nöfnin af félagsskrá. Þess ber að geta að JHFÍ greiðir 10 USD til IGA af hverjum félagsmanni.

b. *Ósk um viðurkenningu á jarðhitaviðburðum erlendis* var til umræðu, en slík ósk hafði borist frá fyrirtæki sem skipuleggur ráðstefnu í Indónesíu. Niðurstaða stjórnar að ekki sé við hæfi að JHFÍ komi að slíku, nema hugsanlega ef ráðstefnan tengist Íslandi á einhvern hátt.

c. *WGC 2020*. Rætt um stöðu umsóknar, en Jarðhitaklasinn sendi út yfirlýsingu um áhuga fyrir áramót. Slíkar yfirlýsingar bárust frá mörgum löndum og ljóst að talsverð samkeppni verður. Skýrist fljótlega hvaða löndum verður boðið að senda inn fullbúna umsókn.

d. Rætt um að stefna á að fjárhagsáætlun geri ráð fyrir að félagið geti komið að fjármögnun þess að fá áhugaverða erlenda fyrirlesara til landsins.

Fundi slitið kl. 15:35. Næsti fundur ákveðinn 10. febrúar kl. 15:00, Háskóla Íslands.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
